

## FUNDARGERÐ

327. fundur stjórnar HEF veitna ehf. haldinn í fundasal félagsins, Fellabrun 1, Fellabæ, þriðjudaginn 19. september 2023 kl. 14:00.

### Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Vilhjálmur Jónsson (VJ) í fjarfundi, Hildur Þórisdóttir (HP) í fjarfundi, Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ), Aðalsteinn Þórhallsson (AP) framkvæmdastjóri.

Ágústa Björnsdóttir stýrði fundinum.

### Dagskrá:

---

- 1 Jarðhitaleit á Búlandsnesi
  - 2 Fjarvarmaveita á Seyðisfirði – viðræður um yfirtöku
  - 3 Verkefnin – staða
  - 4 8 mánaða staða og áætlun 2024
  - 5 Hitaveitumælar – útskipting
  - 6 Gjaldskrár
  - 7 Lager HEF
  - 8 Varmadætur á köldum svæðum
  - 9 Starfsmannamál
  - 10 Mál Páls B. Pálssonar gegn félaginu
  - 11 Önnur mál
    - a. Ljósleiðari í Berufirði
    - b. Heimsókn í október
    - c. Rennslismæling Fjarðarár
    - d. Heimsókn að Seyrustöðum
-

## 1 Jarðhitaleit á Búlandsnesi

Bormenn eru væntanlegir upp úr miðjum október. Undirbúningur er í fullum gangi, gerð borplans og rafmagns- og vatnstengingar.

## 2 Fjarvarmaveita á Seyðisfirði – viðræður um yfirtöku

Formlegar viðræður hefjast væntanlega á næstu vikum.

## 3 Verkefni – staða

AÐ fór yfir stöðu verkefna.

- Egilsstaðir
  - o Reynivellir: Tilbúið fyrir malbikun.
  - o Ferjukíll: Búið að leggja fráveitu og vatnsveitu. Hitaveita fylgir rafmagni og ljósleiðara í efri lögum gatnanna, sem verða fylltar í hæð á næstu vikum. Enn er óljóst hvenær byggingaframkvæmdir hefjast á lóðunum. Stjórn leggur áherslu á að hitaveitulagnir verði ekki lagðar fyrr en ljóst verður að byggt verði á lóðum við götuna í fyrirsjáanlegri framtíð.
- Fljótsdalshérað:
  - o Eiðaveita: Stofnlögn komin norður fyrir Eiðalæk. Dæluskúrar og heimlagnir verða unnar í framhaldi.
- Seyðisfjörður:
  - o Nýjar mögulegar tengingar fyrir fjarvarmaveitu: Fjarvarmaveitulagnir komnar í Vallargötu og Hlíðarveg, tilbúið af hálfu HEF fyrir malbikun. Lækjargata bíður.
  - o Endurnýjun stofnlagnar vatnsveitu neðan Gilsbakka er á dagskrá næstu 2-4 vikna.
- Borgarfjörður:
  - o Blábjörg fráveita í undirbúningi / vinnslu.
  - o Heilmikið hefur verið lagt í að leita brunna og hækka í Desjamýrarvegi (skilavegi) milli Fjarðaborgar og Svínalækjar áður en vegurinn verður malbikaður þegar styttir upp.
  - o Borgarfjörður, á næstu vikum verða tengdar nýjar heimtaugar við neysluvatnslögnina sem var endurnýjuð í fyrra.
- Djúpivogur:
  - o Auglýsingatími breytingar á aðalskipulagi Djúpavogs rann út 27. júlí. Unnið er að uppfærslu gagna tengdum fráveituf framkvæmdum en hægt hefur gengið að fá þau frá hönnuði.
  - o Borgarland: Verðkönnunargögn gatnagerðar eru að líta dagsins ljós, vinna við gatnagerð og lagnir byrjar vonandi í október.
  - o Jarðhitaleit: Sjá #1.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að skrifa Umhverfis- og framkvæmdaráði erindi þar sem óskað verður eftir samtali um framkvæmdaleyfi og -heimildir, hvenær hvort getur átt við og fleira því tengdu.

## 4 8 mánaða staða og áætlun 2024

8 mánaða uppgjör er í vinnslu, stefnt að því að hafa það klárt fyrir næstu mánaða mót.

Stjórn stefnir á fundi 3. (staðfundur) og 17. október (fjarfundur) til að vinna og afgreiða áætlun 2024 + 3 ár.

## 5 Hitaveitumælar – útskipting

Regluverk hefur breyst þannig að krafa um orkumælingu hitaveitu í stað magnmælingar skuli komið á fyrir árið 2027. Framkvæmdastjóra falið að stilla upp drögum að áætlun um útskiptingu mæla og að verkefnið rati í fjárhagsáætlun.

## 6 Gjaldskrár

Endurskoða þarf gjaldskrár ítarlega, m.a. með tilliti til fyrirsjáanlegrar kröfu um orkumælingu í stað magnmælingar hitaveitu. Ekki liggur fyrir hver krafa verður um orkumælingu í dreifbýli, eða hvernig viðunandi hitastigi verður haldið á lagnakerfum þar.

## 7 Lager HEF

Með stórauðnum umsvifum félagsins er nú enn mikilvægara en áður að skrá íhlutalager. Stjórn felur framkvæmdastjóra að hefja vinnu við skráningu lagers og utanumhald hans. Lagerbókhald verði beintengt fjárhagskerfi. Formaður leggur til að kaupa ráðgjöf til verksins. Hluti verksins ætti að vera að afmarka lagerlód og laga yfirborð.

Fundur er áformaður með ráðgjafa um lagerhald 29. október n.k.

## 8 Varmadætur á köldum svæðum

Fulltrúar Eyglóar, samstarfsverkefni Landsvirkjunar, Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis og sveitarfélaga á Austurlandi funduðu með starfsmönnum félagsins auk stjórnarformanns í gærmorgun. Á fundinum var gestunum kynnt starfsemi og áform HEF í Múlaþingi á komandi misserum. Eygló er ráðgefandi um flest það sem snýr að umhverfis- og orkumálum. Stjórn fagnar tilkomu verkefnisins og sér fram á víðtækt samstarf með Eygló.

## 9 Starfsmannamál

Sérfræðingur á fjármálasviði, Embla Rán, hóf fæðingarorlof í byrjun september. Framkvæmdastjóri hyggst ráða starfsmann til afleysingar, tímabundið til 12 mánaða.

## 10 Mál Páls B. Pálssonar gegn félaginu

Lögmaður félagsins hefur verið upplýstur um að Páll muni áfrýja niðurstöðu Héraðsdóms í máli Páls gegn félaginu. Til upplýsingar.

## 11 Önnur mál

### a. Ljósleiðari í Berufirði

Múlaþing hefur óskað eftir þjónustu HEF við lagningu ljósleiðara frá Hamraborg í Kelduskóga á norðurströnd Berufjarðar. Kostnaður mun greiðast af Múlaþingi.

### b. Heimsókn í október

Skrifstofa Alþingis hefur boðið HEF að kynna starfsemi veitunnar fyrir þingmannanefnd norðurslóða, sem verður á Egilsstöðum 16. - 18. október. Framkvæmdastjóra falið að undirbúa og sjá um kynninguna.

### c. Rennslismæling Fjarðarár

HP spyr um stöðu eftirlits með rennsli í Fjarðará. AÞ mun ítreka beiðni um aðgengi að aflestri mælis Veðurstofu Íslands.

**d. Heimsókn að Seyrustöðum**

HHÁ heimsótti fyrir nokkru vinnslustöð seyru á Flúðum í Hrunamannahreppi. HHÁ lýsir hugmyndum sínum og áhuga á nýtingu seyru.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 16:35

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Þórhallsson.

# Undirritunarsíða

Samþykkt  
Aðalsteinn Þórhallsson

Samþykkt  
Ágústa Björnsdóttir

Samþykkt  
Helgi Hlynur Ásgrímsson

Samþykkt  
Hildur Þórisdóttir

Samþykkt  
Ívar Karl Hafliðason

Samþykkt  
Vilhjálmur Jónsson